

Hinn 5. júlí 1978 var Aluminum Company of America, Alcoa Building, Pittsburgh, Pennsylvania, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi á aðferð til framleiðslu á aluminium-klorid.

Einkaleyfið er nr. 992.

Hinn 5. júlí 1978 var Aluminum Company of America, Alcoa Building, Pittsburgh, Pennsylvania, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi á aðferð og tæki til framleiðslu á aluminiumklorid.

Einkaleyfið er nr. 993.

Hinn 3. ágúst 1978 var Sea Tank Co. S.A., 21, rue du Pont des Halles, Chevilly-Larue, Frakklandi og Oceanic Contractors Inc., Via Espana 120, Apartado Postale 1450, Panama City, Panama, veitt einkaleyfi hér á landi á aðferð og tæki til að tengja neðansjávarpípur við palla.

Einkaleyfið er nr. 994.

Hinn 3. ágúst 1978 var R.J. Reynolds Tobacco Company, Main & Fourth Streets, Winston Salem, North Carolina, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi á aðferð til að gera breytingar á lifefnahvötum.

Einkaleyfið er nr. 995.

Hinn 28. nóvember 1978 var Hubert KG., D-5960 Olpe, Finkenstrasse 10, V-Dýskalandi, veitt einkaleyfi hér á landi á þéttibúnaði á skráftengi.

Einkaleyfið er nr. 996.

Hinn 29. desember 1978 var Continental Oil Company, 1000 South Pine Street, Ponca City, Oklahoma, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi á smurefnasamböndum.

Einkaleyfið er nr. 997.

Hinn 29. desember 1978 var Ireco Chemicals, Salt Lake City, Utah 84111, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi á vökva og leðjukenndu sprengju efni með hárrí eðlisþyngd og sannreyndum háum næmleika.

Einkaleyfið er nr. 998.

Hinn 29. desember 1978 var Tsung-Hsien Kuo, No. 465, Yuong An Street, Cha-Yi City, Taiwan, R.O.C. (Kína), veitt einkaleyfi hér á landi á aflframleiðslu.

Einkaleyfið er nr. 999.

Hinn 29. desember 1978 var Rohm and Haas Company, Independence Mall West, Philadelphia, Pennsylvania, Bandaríkjunum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi hér á landi á pyridylsamböndum og blöndum af þeim til útrýmingar nagdýrum.

Einkaleyfið er nr. 1000.

REGLUGERÐ um Skálholtsskóla.

1. gr.

Skálholtsskóli er sjálfseignarstofnun. Lögheimili hans er að Skálholti, Biskupstungum og er varnarþing stofnunarinnar í Árnessýslu. Markmið Skálholtsskóla er að standa að skólahaldi í samræmi við lög nr. 31/1977, svo og samkvæmt öðrum lögum og reglugerðum, sem þar er vitnað til.

2. gr.

Skólinn á skólahús það, er þegar hefur verið byggt í Skálholti við gildistöku reglugerðar þessarar. Sá hluti hússins, sem óbyggður er, svo og önnur húsakynni,

er reist verða skv. 8. grein nefndra laga, tölulið b, verða einnig eign skólans ásamt innanstokksmunum.

3. gr.

Rekstrarkostnaður sem er umfram framlag ríkisins sem kveðið er á um a-lið 8. greinar laga nr. 31/1977, skal greiddur af nemendum og úr Kristnisjóði, enda hafi Kirkjuráð áður samþykkt kostnaðaráætlanir. Byggingarkostnaður umfram framlag ríkisins, sbr. b-lið 8. greinar laga nr. 31/1977, greiðist af frjálsum fram-lögum og úr Kristnisjóði, enda hafi Kirkjuráð áður samþykkt kostnaðaráætlanir.

4. gr.

Skólanefnd er ábyrg fyrir því, að skólinn starfi í samræmi við þann grund-völl og þau markmið, sem lögín gera ráð fyrir. Nefndarmenn þiggja ekki laun fyrir störf sín, en kostnaður vegna ferðalaga þeirra og fundahalds er hluti af rekstr-arkostnaði skólans.

Ákvarðanir skólanefndar eru gildar, ef fjórir nefndarmenn sitja fund.

Einfaldur meirihluti nægir til ákvarðanatöku. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Formaður er fulltrúi skólanefndar út á við.

Skólanefndarfundir eru haldnir a. m. k. tvisvar á ári (sjá grein 10), en þess utan þegar formaður eða fjórir nefndarmenn aðrir telja nauðsyn til, ber að kveðja saman fund. Boðað er til skólanefndarfundar með dagskrá.

Skólanefnd hefur fundargerðabók.

5. gr.

Skólanefnd ræður rektor að undangenginni auglýsingu. Ráðningartími skal vera tvö ár. Sé um endurráðningu að ræða að þeim tíma liðnum er heimilt að hafa hana ótímabundna.

Skólanefnd ræður einnig fasta kennara og húsmóður í samráði við rektor og fer um þá ráðningu eins og ráðningu rektors.

Skólanefnd skal gefa út erindisbréf til handa rektor, fastráðnum kennurum og húsmóður.

6. gr.

Skólinn skal hafa til ráðstöfunar kennslumagn er nemur 2.3 kennslustundum á nemanda á viku hverri og skal miða ráðningu kennara við það. Þó skal heimilt að hækka kennslumagn á nemanda í 2.5 kennslustundir meðan skólinn hefur ekki heimavistarrými fyrir fleiri en 26 nemendum.

7. gr.

Kennsluskylda fastra kennara skal vera hin sama og kennara á framhaldsskóla-stigi. Heimilt er að fela þeim að annast aðra þjónustu í þágu skólans og nemenda, sbr. 8. gr., sem hluta af kennsluskyldu sinni.

8. gr.

Námsráðgjöf, handleiðsla nemenda, umsjón með félagsstörfum og heimavist-um, almenn húsvarsla og hústjórn, skal greidd með sama hætti og hliðstæð störf í öðrum framhaldsskólum þó skal tillit tekið til sérstöðu skólans sem lýðháskóla og skal rektor skólans gera tillögur um hana og menntamálaráðuneytið fá hana til athugunar og samþykktar.

9. gr.

Skólanefnd skal í samráði við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti ákvarða um laun rektors og kennara sé ekki um þau samið í kjarasamningum milli fjármálaráðuneytis og launþegasamtaka.

10. gr.

Í maímánuði skal haldinn skólanefndarfundur og skulu stofnkostnaðar- og rekstrarreikningar skólans lagðir fyrir skólanefnd til samþykktar. Á sama fundi skal rektor leggja fyrir skólanefnd fjárhagsáætlun þá, er hann að lögum sendir menntamálaráðuneytinu um sama leyti.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Skálholtsskóla nr. 31/1977 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 21. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Thorlacius.

Nr 464.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands sæmdi eftirtalda menn heiðursmerki Hinnar íslensku fálkaorðu 1978.

I. ÍSLENDINGAR

1. janúar:

Frú Anna Bjarnadóttir, fv. kennari, riddarakross.
 Frú Geirþrúður Ásgeirsdóttir, hjúkrunarkona, riddarakross.
 Ingimar Finnbjörnsson, fv. útgerðarmaður, Hnífsdal, riddarakross.
 Ingólfur Davíðsson, grasafraeðingur, mag. scient., riddarakross.
 Jón Nordal, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, riddarakross.
 Magnús Runólfsson, fv. skipstjóri, riddarakross.
 Frú Sesselja Jónsdóttir, Dalsmynni, Norðurárdal, Mýrarsýslu, riddarakross.
 Frú Þóra Jónsdóttir, riddarakross.
 Þorvaldur Brynjólfsson, kirkjusmiður, Hvalfjarðarstrandarhr., riddarakross.
 Ævar R. Kvaran, leikari, riddarakross.

30. mars:

Ívar Guðmundsson, aðalræðismaður, stórriddarakross.
 Eiríkur Brynjólfsson, forstöðumaður Kristneshælis, riddarakross.
 Gunnar Friðriksson, forseti Slysavarnafélags Íslands, stórriddarakross.
 Frú Jóna Erlendsdóttir, fv. formaður Hvitabandsins, riddarakross.
 Karl Guðmundsson frá Valshamri, fv. bóndi riddarakross.
 Dr. Sturla Friðriksson, erfðafræðingur, riddarakross.

17. júní:

Ársæll Jónasson, forstjóri, riddarakross.
 Benedikt Grímsson, fv. hreppstjóri, Kirkjubóli, Strandasýslu, riddarakross.
 Finnur Guðmundsson, dr. rer. nat., stórriddarakross.
 Gunnar G. Ásgeirsson, stórkaupmaður, riddarakross.